

Nd.

783. Frumvarp til laga

um breyting á lögum nr. 29 3. nóv. 1915, um þingsköp Alþingis, og lögum nr. 20 24. marz 1934, um breyting á þeim lögum.

(Eftir 2. umr. i Nd.).

1. gr.

Fyrir „(Stjskr. 1915 § 16)“ í niðurlagi 2. málsgr. 1. gr. laga nr. 29 1915 komi: (Stjskr. 41. gr.).

2. gr.

a. Á eftir orðinu „eið“ í 2. gr. sömu laga komi: eða drengskaparheit.

b. Fyrir „(Stjskr. 1874 § 30)“ í sömu lagagrein komi: (Stjskr. 42. gr.).

3. gr.

Aftan við 2. gr. laga nr. 20 1934 bætist: (Stjskr. 27. gr.).

4. gr.

1. málsliður 2. málsgr. 11. gr. laga nr. 29 1915 orðist svo:

Forsetar Alþingis skipa í sameiningu skrifstofustjóra þingsins, og skulu laun hans ákveðin í launalögum.

5. gr.

Aftan við 18. gr. sömu laga bætist: ef um lagafrumvarp er að ræða, en 1 nóttu síðar, ef um er að ræða þingsályktunartillögur.

6. gr.

Aftan við 19. gr. sömu laga bætist: og ekki heldur um frumvörp, sem nefnd flytur óskipt eða flutt eru að beiðni einhvers ráðherranna.

7. gr.

Aftan við 5. gr. laga nr. 20 1934 bætist: (Stjskr. 39. og 40. gr.).

8. gr.

Fyrir „(Stjskr. 1903 § 9)“ í fyrri málsgr. 24. gr. laga nr. 29 1915 komi: (Stjskr. 40. gr.).

9. gr.

a. Fyrir „(Stjskr. 1903 § 9)“ í fyrri málsgr. 25. gr. sömu laga komi: (Stjskr. 40. gr.).

b. Fyrir „(stjskr. 1903 § 9)“ í síðari málsgr. sömu greinar komi: (stjskr. 40. gr.).

10. gr.

2. málsgr. 26. gr. sömu laga orðist svo:

Þá er Alþingi, sem nú segir, skipar eina málstofu, þarf, til þess að gerð verði fullnaðarályktun um mál, meira en helmingur þingmanna að vera á fundi og eiga þátt í atkvæðagreiðslu. Þingmaður, sem er á fundi, en greiðir ekki atkvæði, án lögmætra ástæðna, telst taka þátt í atkvæðagreiðslunni. Ræður þá afl atkvæða um einstök málsatriði. En til þess að lagafrumvarp, að undanskildum frumvörpum til fjárlaga og fjárákmalaga, verði samþykkt í heild sinni, verða aftur á móti að minnsta kosti tveir þriðjungar atkvæða, sem greidd eru, að vera með frumvarpinu (Stjkskr. 40. gr.).

11. gr.

Fyrir síðari málslið 3. málsgr. 29. gr. sömu laga „(Sé henni breytt . . . einni umræðu)“ komi: Sé henni breytt þar, skal hún endursend hinni deildinni og tekin þar til einnar umræðu. Ef tillögunni er þá aftur breytt, skal hún lögð fyrir hina deildina af nýju, og um hana viðhöfð ein umræða. Sé henni þar enn breytt, skal hún lögð fyrir sameinað þing og útkljáð þar með einni umræðu.

12. gr.

Fyrir „(stjkskr. 1874 § 37)“ í fyrri málsgr. 31. gr. sömu laga komi: (stjkskr. 49. gr.).

13. gr.

Aftan við 34. gr. sömu laga bætist ný málsgrein, svo hljóðandi:
Við útvarpsumræður skulu ræðumenn, aðrir en forseti, jafnan mæla úr ræðustól, og heimilt er þeim endranær að flytja ræður sínar þaðan.

14. gr.

- a. Fyrir „Ráðherra eða umboðsmaður hans“ í 35. gr. sömu laga kemur: Ráðherrar.
- b. Aftan við greinina bætist ný málsgrei.:
Þegar útvarpað er umræðum um þingmál, skal farið eftir reglum V. kafla.

15. gr.

Orðin „eða umboðsmanns hans“ í 36. gr. sömu laga falli niður.

16. gr.

37. gr. sömu laga orðist svo:

Ef umræður dragast úr hófi fram, getur forseti stungið upp á, að þeim sé hætt. Svo getur og forseti lagt til, hvort heldur í byrjun umræðu eða síðar, að umræðu um mál skuli lokið að liðnum ákveðnum tíma. Eigi má þó, meðan nokkur þingmaður kveður sér hljóðs, takmarka ræðutíma við neina umræðu meira en svo, að hún standi 2 klukkustundir alls. Ræðutími ráðherra telst ekki hér með, og framlengist umræðan sem svarar ræðutíma þeirra. Þingdeild sú, sem hlut á að máli, eða sameinað þing, sker úr því umræðulaust, hvort tillögur forseta skuli teknar til greina. Sömuléiðis geta 3 þingmenn í efri deild, 6 í neðri deild og 9 í sameinuðu þingi krafizt þess, að greidd séu atkvæði um það um-

ræðulaust, hvort umræðu skuli lokið eða umræðutími takmarkaður. Nöfn þeirra þingmanna skulu lesin upp og rituð í gerðabókina. Eftir ákvæðum þessarar greinar og 35. greinar, að því er varðar sameinað þing, skal einnig fara á þingsetningarfundum.

Nú hefir verið samþykktur takmarkaður umræðutími, og skal þá forseti skipta ræðutíma sem jafnast milli fylgismanna og andstæðinga máls þess, sem er til umræðu, án þess að hann sé bundinn við, í hvaða röð þingmenn hafa kvatt sér hljóðs, eða milli flokka, ef hentara þykir.

17. gr.

Fyrir „(Stjskr. 1903 § 12)“ í 41. gr. sömu laga komi: (Stjskr. 51. gr.).

18. gr.

- a. Þrír fyrstu málsliðir 42. gr. sömu laga („Heimilt er þingmanni . . . hvort frá skuli vísa“) falli burt.
- b. Fyrir „Heimilt er og þingmanni“ í fjórða málslið sömu greinar komi: Heimilt er þingmanni.
- c. Aftan við síðari málsgr. sömu greinar bætist: Slika tillögu má og gera í prentuðu nefndarálit.

19. gr.

Aftan við fyrri málslið 1. málsgr. 43. gr. sömu laga bætist: eftir því sem við verður komið.

20. gr.

- a. Fyrir „(Stjskr. 1903 § 11)“ í 1. málsgr. 44. gr. sömu laga komi: (Stjskr. 48. gr.).
- b. Aftan við sömu málsgr. bætist: Þingmaður, sem er á fundi, en greiðir ekki atkvæði án lögmætra ástæðna, telst taka þátt í atkvæðagreiðslunni.
- c. Aftan við 3. málsgr. sömu greinar falli orðin „(53. gr.)“.
- d. Síðasti málsliður 4. málsgr. sömu greinar orðist svo:

Forseti sker úr, hvort þau rök skuli gild talin, en þingmaður sá, sem hlut á að máli, getur skotið þeim úrskurði uudir atkvæði deildarinnar eða þingsins.

21. gr.

Fjórir síðustu málsliðir 45. gr. sömu laga („Forseti og einn . . . á að fara fram“) falli niður.

22. gr.

Síðari málsliður 47. gr. sömu laga falli niður.

23. gr.

Fyrir „(Stjskr. 1874 § 40)“ í 49. gr. sömu laga komi: (Stjskr. 52. gr.).

24. gr.

Á eftir 50. gr. sömu laga kemur nýr kafli með 10 nýjum greinum, er verða 51.—60. gr. þeirra, svo látandi, og breytist kafla- og greinatala á eftir samkvæmt því:

IV. Útvarp umræðna.

- a. (51. gr.) Útvarpa skal þingsetningu og þinglausnum. Hverju skylt er að útvarpa.
Þá skal og útvarpa framsöguræðu fjármálaráðherra um frv. til fjárlaga og, ef óskað er, hálftrar stundar ræðum af hálfu annara þingflokka, enda hefir fjármálaráðherra þá og rétt til stundarfjórðungs svarræðu.
- b. (52. gr.). Þegar útvarpað er umræðum um þingmál, skulu þingflokkar hafa rétt til jafnlangs ræðutíma og forsetar gefa þingmönnum færi á að taka til máls þannig, að flokkarnir skiptist á. Við útvarpsumræðu gilda ekki ákvæði 35. og 37. gr. um málfrelsi ráðherra. Forseti veitir þingmanni utan flokka færi á að eiga þátt í útvarpsumræðu að einhverju leyti. Jafnrétti þingflokka.
- c. (53. gr.). Við framhald fyrstu umræðu fjárlaga mega ræður í fyrstu umferð vara eina stund, en síðan hálfra stund þrjár umferðir, og enn aðrar þrjár stundarfjórðung. Skal þá útvarpi umræðna um fjárlög að fullu lokið. Sama regla gildir um útvarp umræðu um vantraust. Frh. 1. umr. fjárlaga og vantraust.
- d. (54. gr.). Þegar útvarpað er umræðum um önnur mál en fjárlög, skal hverjum þingflokki heimill hálftrar stundar ræðutími í fyrstu umferð, en úr því stundarfjórðung. Ræðutími í öðrum málum.
Ekki skal útvarpað lengur en þrjár stundir við hverja umræðu, nema samþykki allra þingflokka komi til.
Takmarka má fyrirfram umræðutíma um þingmál, önnur en þau, er um ræðir í 51. og 53. gr., þótt umræðu sé útvarpað, allt niður í 2 klukkustundir (sbr. 37. gr.), enda styttir þá forseti umferðir að sama skapi.
- e. (55. gr.). Nú óskar þingflokkur, að umræðu verði útvarpað, og snýr þá formaður flokksins tilmælum sínum til forseta. Skal forseti þegar tilkynna það formömmum annara þingflokka, en þeir leita samþykkis flokks síns svo fljótt sem auðið er. Útvarpa skal umræðu þegar samþykki allra flokka kemur til. Útvarp með samþykki annara flokka.
- f. (56. gr.). Nú næst ekki samkomulag milli þingflokka um útvarp umræðu, og skal forseti þá tilkynna það þeim, sem kröfuna átti. Ef þingflokkur ítrekar kröfu sína, skal umræðunni útvarpað. Réttur til útvarps án samþykkis annara þingflokka nær þó ekki lengra en til tveggja umræðna umfram þann flokk, sem sjaldnast hefir neytt þessa réttar. Útvarp án samþykkis annara flokka.
- g. (57. gr.). Dag og stund útvarpsumræðu skal tilkynna í útvarpi og á þingfundum svo fljótt sem unnt er. Boðun útvarps-umræðu.
- h. (58. gr.). Umræðum skal útvarpa í sömu röð og kröfur um útvarp bárust forseta, enda sé að öðru leyti fullnægt ákvæðum þingskapa. Forseti getur þó vikið frá þessari röð, ef sérstakar ástæður liggja til. Röð útvarps-umræðna.
- i. (59. gr.). Formenn þingflokka eru réttir aðilar gagnvart forseta og þingmönnum flokksins um allt það, er að útvarpi umræðna lýtur. Aðild flokksformanna.
- j. (60. gr.). Forseti sker úr ágreiningi, sem verður um skilning á reglum þessum eða framkvæmd þeirra. Úrskurðarvald forseta.

25. gr.

Fyrir „(Stjskr. 1874 § 38)“ i 51. gr. sömu laga komi: (Stjskr. 50. gr.).

26. gr.

Síðari málsgr. 53. gr. sömu laga falli niður.

27. gr.

- a. Orðin „eða umboðsmaður hans“ i 54. gr. sömu laga falli niður.
- b. Á eftir orðunum „er um það greiða atkvæði, samþykkja“ i sömu grein komi: Um stjórnarfrumvörp eða frumvörp, sem flutt eru fyrir hönd ríkisstjórnarinnar, ræður þó einfaldur meiri hluti.
- c. Fyrir „þó mega afbrigðin þau ein vera“ i sömu lagagrein komi: Afbrigði mega þau ein vera.

28. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi, og er jafnframt úr gildi númer 9. gr. laga nr. 20 1934.

29. gr.

Þegar lög þessi hafa öðlzt staðfestingu, skal fella meginmál þeirra ásamt meginmáli 1.—8. gr. laga nr. 20 24. marz 1934 og 1. gr. laga nr. 54 14. nóv. s. á. inn i lög nr. 29 3. nóv. 1915, og gefa þau út svo breytt sem lög um þingsköp Alþingis.